

✉ Re: Beiðni um umsögn - Ströndin við Stapa og Hellna

Búið til	28.1.2021 13:09:10
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	28.1.2021 13:09:07
Tilheyrir	 202012-0032 - Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Ströndin við Stapa og Hellna

Efni

Re: Beiðni um umsögn - Ströndin við Stapa og Hellna

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	28.1.2021 13:09:07	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	gudbjorg@umhverfisstofnun.is

Innihald

Mál: 202012-0032 LA/ERU/RT/IAS/KHS

Ströndina við Stapa og Hellna, stjórnunar- og verndaráætlun 2021-2030

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir stjórnunar- og verndaráætlun (SVÁ) fyrir ströndina við Stapa og Hellna. Áætlunin er vel unnin, skýr og greinargóð.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að full þörf er á að endurskoða auglýsingu um friðlýsingu strandarinnar við Stapa og Hellna og lagfæra mörk friðlandsins. Æskilegt, þar sem því verður við komið, er að hafa jaðarsvæði (buffer) umhverfis friðlandið á landi til að forðast framkvæmdir við mörk þess. Þetta á sérstaklega við í nágrenni íbúða- og frístundabyggðar.

Náttúrufræðistofnun tekur einnig undir það að friðlandið mynda falla vel undir friðlýsingarflokkinn landslagsverndarsvæði, samanborið flokki V hjá IUCN.

Í SVÁ má skerpa á verndarsvæðum utan og innan friðlandsins og jafnvel sýna saman á korti:

- **Hverfisverndarsvæði** hafa verið skilgreind á Arnarstapa og Hellnum til að vernda náttúru og umhverfi utan friðlýstra svæða. Þau eru Klifhraun, Hellnahraun, Nónmýri og strandlengjan utan friðlýstrar strandlengju og að mörkum uppdráttar rammahluta aðalskipulags. Stefnumörkun í aðalskipulagi: Á hverfisverndarsvæðum skal stuðla að verndun umhverfis. Engar framkvæmdir verði heimilaðar á hverfisverndarsvæðum nema gert verði deiliskipulag þar sem ýtarleg grein verði gerð fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á umhverfið (úr Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031) .
- Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands á **B-hluta náttúruminjaskrá**: Staðreyndasíða: <https://www.ni.is/greinar/ve-snaefellsnes> (<https://www.ni.is/greinar/ve-snaefellsnes>)
- **Aðrar náttúruminjar** á núgildandi náttúruminjaskrá:
 - Utanvert Snæfellsnes
- **Náttúru fyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar** skv. 61 gr. laga um náttúruvernd (60/2013).
 - Hraun runnin á nútíma; Klifhraun og Hellnahraun (Kálfatraðahaun).
 - Fossar
 - Vötn og votlendi, svo sem tjörnir og votlendið í kringum hana neðan við Amtmannshús

Undir kafla 2.2. **Náttúruminjar** í SVÁ er ekki minnst á seli en þeir sjást í sjó fyrir utan friðlandið. Engin skráð landselslátur eru á svæðinu en þar sem selir liggja uppi ætti að tryggja þeim frið. Sama gildir um nærliggjandi grunnsævi þar sem þeir gætu verið í fæðuöflun.

Fram kemur í SVÁ (á bls. 22) að halda þarf mink og ref í skefjum til að vernda fuglalíf og varp. Ekki kemur fram hvernig það skuli gert eða hver hafi umsjón og eftirlit með því. Náttúrufræðistofnun vil benda á að refir eru friðaðir innan þjóðgarðsins á Snæfellsnesi og hefur verið sýnt fram á að þeim hefur ekki fjölgað við friðun. Engar rannsóknir eru til á áhrifum refa á sjófuglabyggðir héraendis en þessir dýrahópar eru hver fyrir sig lykiltægundir í vistkerfi svæðisins. Mink ætti að fjarlægja, ef hann sést.

Á bls. 23; um **Ferðapjónusta og útivist** stendur: „*Starfsmenn Umhverfisstofnunar fylgjast með þolmörkum með gerð ástandsmats sbr. kafla 3.1. Ekki er gert ráð fyrir að takmarka fjölda gesta með beinni stýringu en framboð á bílastæðum stýrir umferðinni að nokkru leyti. Bílastæði eru ekki innan friðlandsins sjálfs en í næsta nágrenni þess bæði á Hellnum og Arnarstapa og er mikið álag á þau, sjá kafla 3.7.4. „*

Stærri bílastæði kalla á fleiri ferðamenn sem getur valdið meira álagi á svæðið. Þá er ekki ásætlanlegt að stór svæði innan verndarsvæða (hverfisvernd og svæði á náttúruminjaskrá) séu tekin undir bílastæði. Eins og fram kemur í SVÁ þá er svæðið viðkvæmt fyrir ágangi ferðamanna og hluti svæðisins þolir ekki mikla umferð.

Á bls. 21; Hér má bæta við (**feitletrað**): *Mikilvægt er að vernda ásýnd og landslagsheild strandarinnar við Arnarstapa og Hellna og þau vistkerfi sem finnast í friðlandinu til að viðhalda líffræðilegum og jarðfræðilegum fjölbreytileika.*

Á bls. 23; Hér má bæta við (**feitletrað**): *Innviðir skulu ekki valda röskun eða álagi á lífríkið og jarðminjar.*

Á bls. 28; Mikilvægt að settar séu reglur um mönnum og fjarstýrð loftför í SVÁ, sérstaklega á varptíma.

Eins og fram kemur í kafla um **Rannsóknir og vöktun** á bls. 28 þá ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilorða íslenskrar náttúru og er stofnunin tilbúin að koma að gerð vöktunaráætlunar friðlandsins.

Bestu kveðjur,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)

From: "Guðbjörg Gunnarsdóttir" <gudbjorg@umhverfisstofnun.is>
To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC: "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>
Subject: Beiðni um umsögn - Ströndin við Stapa og Hellna
Date: 15.12.2020 16:12:41

Góðan dag.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið Ströndin við Stapa og Hellna hafa verið lögð fram og er óskað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands Íslands við áætlunina fyrir 28. janúar 2021. Sjá meðfylgjandi bréf.

Bestu kveðjur, Best regards

Guðbjörg Gunnarsdóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of NPAs Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000 (tel:%2B354%20591%202000)
Bréfasími / Fax: +354 591 2010 (tel:%2B354%20591%202010)
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)